

1. stjórnarfundur Siðmenntar 2020

Þriðjudaginn 14. janúar 2020 (frestað um viku vegna veðurs), kl. 17:30 á skrifstofu Siðmenntar, Skipholti 50c, Reykjavík.

Mætt á fund: Auður Sturludóttir (varaformaður), Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Kristín Sævarsdóttir (gjaldkeri), Sigmundur Þórir Jónsson (varamaður), Sveinn Atli Gunnarsson (varamaður), Mörður Árnason (varamaður), Hope Knútsson (varamaður), Sigmundur Þórir Jónsson (varamaður) og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri).

Boðuð forföll: Margrét Pétursdóttir og Sigurður Hólm Gunnarsson.

Gestir: Heiðrún Arna Friðriksdóttir, verkefnastjóri BF.

Fundarritun: Siggeir F. Ævarsson

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

Dagskrá/Fundargerð

1. Aðalfundur/Árþing 15. feb - undirbúningur

a. Fundarboð, staðsetning

Lagt til að skipta dagskrá upp í skráningarformi, þannig að fólk geti meldað sig á mismunandi viðburði dagsins.

Stjórn standi straum af kostnaði við stefnumótunarfund og aðalfund, en selt verði inn á árshátíð.

Leitað verði skemmtiatriða "innan húss" sem greitt verður sanngjörn þóknun fyrir.

Árshátíðin auglýst á samnorrænu grúppunni - erlendum gestum boðið (2 per land)

Undirteymi afmælishátíðar: Inga, Sveinn og Kristín. Sigmundur sérlegur reddari.

b. Fundarsstjóri/ritari

Undirteymi fær þetta verkefni.

c. Lagabreytingar

Þrjár lagabreytingar hafa borist. Tvær frá stjórn í sameiningu, og ein frá Sigurði Hólmi. Tillögurnar þurfa að fara út með fundarboði.

d. Ársskýrsla

Framkvæmdastjóra og formanni falið að undirbúa ársskýrslu sem þarf að vera tilbúin í upphafi febrúar.

e. Húmanistaviðurkenning

Afhenda á viðurkenningarnar á aðalfundi. Kalla þarf eftir tilnefningum strax.

2. BF - Stöðumat og afleysing

a. Staðan 14. janúar

575 börn skráð, sem er fjölgun um 30 frá 2019. Fjölgun í Reykjavík en töluverð minnkun á Akureyri og algjört hrun á Austfjörðum. Kennsla fer vel af stað, 22 hópar í Reykjavík, sem er fjölgun um 6. Drög að verktakasamningum klár fyrir kennslustjóra og leiðbeinendur.

b. Afleysing fyrir verkefnastjóra BF

Margrét Erla Maack mun leysa Heiðrúnu af í fæðingarorlofinu, og kemur inn 1. mars.

3. Samnorrænn fundur í Færeyjum 1. - 3. maí

a. Hverjir fara?

Formaður og framkvæmdastjóri eru reiðubúin að fara. Mörður hefur einnig lýst yfir áhuga. Samþykkt að senda þennan þriggja manna hóp.

b. Kostnaður

Flug kostar um 35.000 á manninn, einungis með handfarangri. Flogið út að morgni 1. maí og heim að um hádegi 4. maí. Hótel nokkuð dýr í Færeyjum, spurning um að skoða Air BnB ef fjölgar í hópnum. Framkvæmdastjóri bókar ferðina á næstu dögum.

4. Alþjóðþing 2020 í Miami

a. Fjöldi og kostnaður.

Early bird verðin gilda til 15. janúar. Lagt til að bóka 2 sæti og sjá svo til hvernig þetta þróast. Kostnaður við flug verður varla undir 150.000 kr.

Framkvæmdastjóri bókar sjálfan sig og einn nafnlausan.

5. Sexföldun á árgjaldi HI

a. Árgjald Siðmenntar til Humanists International er 600.000 krónur

Miðað við nýjar reglur HI um árgjald á Siðmennt að greiða 1% af innkomu síðasta árs, sem er um 600.000 krónur.

Framkvæmdastjóri lagði til við HI að gjaldið okkar yrði reiknað út frá sóknargjöldum, sem var ekki samþykkt.

Framkvæmdastjóra falið að ræða við Norðmenn um hvernig þeir útfæra sín gjöld og tekjur í þessu samhengi.

6. Lífsskoðun könnun 2020 - Staðan

a. Könnunin er tilbúin til útsendingar

Samþykkt að senda könnunina út við fyrsta tækifæri.
Framkvæmdastjóri hefur samband við Þorlák.

7. Opið hús í Skipholti

a. Tillaga að dagskrá/skipulagi

17:00 - Húsið opnar

17:15 - Formaður býður fólk velkomið og flytur stutta tölu

17:30 - Tölum um lífið - Arnar

17:50 - Tölum um dauðann - Helga Bára? Lífsins tré?
Arkitektinn?

18:20 - Frjáls tími, léttar veitingar og spjall.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Efast á kránni á afmælisári

a. Hugmyndir frá Sveini

Hugmynd að fá einhvern sæmilega nafntogaðan erlendan aðila, eitthvað svipað viðburð og John de Lancie. Setjum upp þráð á spjallið og vinnum hugmyndina áfram.

b. Dauðakaffi

Hugmynd sem Sigurður Rúnarsson kom með. Alþjóðlegt concept. Er hópur á Íslandi en er ekki virkur. Lagt fram til kynningar.

9. Málþing um aðskilnað ríkis og kirkju

a. Hugmynd sem fór af stað á spjallborði

Spurning um að virkja félagi með. Auður ýtti af stað á spjallborði. Lagt til að skoða í samhengi við aðalfund, eða fljótlega í kjölfarið.

10. Félagatal, Þjóðskrá og Persónuvernd

a. Félagatal og Þjóðskrá

Félagatal fékkst óvænt afhent frá Þjóðskrá í upphafi desember. Það er afhent skv. ósk um sérvinnslu, og hægt að að kalla eftir ítarlegri vinnslu með netföngum, sem við ættum að skoða nú í aðdraganda aðalfundar.

b. Persónuvernd

Eftir meira en hálf tveim árum kvað Persónuvernd upp úrskurð í máli okkar hjá þeim þar sem ályktað var að Þjóðskrá væri ekki stutt á að meina okkur aðgang í skjóli nýrra persónuverndarlaga.

c. Aðgengi að félagatali og meðferð þess

Félagatal er aðeins aðgengilegt framkvæmdastjóra og formanni.

11. Athafnatölfræði, aðgengi og sýnileiki

a. Aðgengi að tölfræði fyrir athafnastjóra

Framkvæmdastjóri veltir fyrir sér hvort ítarlegri tölfræði liðinna ára megi ekki vera athafnastjórum aðgengileg? Einnig hvort staða á úthlutunum ársins 2020 megi vera þeim sýnileg.

Lagt til að almenn tölfræði verði sett í ársskýrslu, og að verklag við úthlutun afhafna verði kynnt betur á næsta athafnastjórafundi.

b. Verkbeiðnakerfi

Framkvæmdastjóra er að skoða verkbeiðnakerfi frá Reglu en lítið um svör enn.

12. Skoska vísindadagatalið

a. Vísindadagatal skosku húmanistana lagt fram til kynningar

Framkvæmdastjóri leggur til að dagatalið verði þýtt og staðfært fyrir Ísland og útgefið á næsta ári í samvinnu við þjóðþekkt vísindamenn og vini Siðmenntar.

Samþykkt að vinna málið áfram.

13. Önnur mál

Engin önnur mál

Næsti stjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 28. janúar klukkan 17:30

Fundi slitið klukkan: 19:45
